

Umhverfisstofnun**B.t. Steinar Rafn Beck****Suðurlandsbraut 24****108 Reykjavík**

Stykkishólmi, 9. maí 2014

Efni: Umsögn Samtaka náttúrustofa (SNS) um drög að „Áætlun til þriggja ára um refaveiðar 2014-2016“.

Vísað er til fréttar á vef Umhverfisstofnunar um drög að „Áætlun til þriggja ára um refaveiðar 2014-2016“ (<http://www.ust.is/einstaklingar/frettir/frett/2014/04/25/Aaetlun-um-refaveidar-til-umsagnar/>).

Samtök náttúrustofa (SNS) fagna að unnið sé að því tímabæra markmiði að bæta umsjón refaveiða. Í áætluninni eru settar fram ýmsar gagnlegar upplýsingar, hugleiðingar og ábendingar en SNS vilja koma eftirfarandi ábendingum á framfæri varðandi drögin (þegar vísað er til blaðsíðunúmers er átt við síðu í pdf-skjalinu en síður eru ónúmeraðar):

1. Eins og fram kemur á síðu 6 í drögunum lagði vinnuhópur á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins m.a. til í janúar 2014 að a) skilgreina eðlismun á refa- og minkaveiðum og b) setja fram skýr markmið með refaveiðum. Að mati SNS eru þetta slík grundvallaratriði að þau ættu tvímælaust að vera hluti af áætlun um refaveiðar til næstu þriggja ára.
2. Hvað er tjón? Þetta er undirliggjandi grundvallaratriði sem skilgreina þarf áður en þetta plagg er klárað og áður en hvert og eitt sveitarfélag gerir sína útgáfu af áætlun. Þetta er að mati SNS nauðsynlegt til að forsendur áætlana séu sambærilegar. Í núverandi drögum lítur út fyrir að sveitarfélögin eigi bæði að skilgreina hugtakið tjón og meta tjónið. Um margra alda skeið hafa menn gefið sér hvert tjónið sé en litlar sem engar rannsóknir hafa farið fram sem myndað gætu grunn að magnbundnu mati á tjóni. Til að gera matið þarf að beita vísindalegum aðferðum af þar til bærum aðilum. Huglægt og óstaðlað mat á tjóni í hverju sveitarfélagi fyrir sig getur tæplega orðið grundvöllur að áætlun um veiðar á upprunalegri dýrategund (annað gildir um framandi tegundir eins og minkinn). Varðandi skilgreiningu á hugtakinu tjón er vísað til gagnlegrar umfjöllunar í skýrslunni „Vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra“ (<http://www.umhverfisraduneyti.is/frettir/nr/2400>).
3. Á bls. 4 í drögunum segir: „*Að mati stofnunarinnar væri rétt að þremur árum liðnum verði tekin ákvörðun um hver sé ákjósanleg verndarstaða refsins þ.m.t. stofnstærð hans*“. Bent er á að þótt gagnlegt sé að skilgreina nánar verndarstöðu refsins er tæplega raunhæft að setja fram tölu um ákjósanlega stofnstærð eða burðarþol landsins, enda eru þær stærðir væntanlega síbreytilegar og ráðast m.a. af breytingum á loftslagi og ástandi stofna bráðartegunda refsins.
4. Í drögunum kemur fram það markmið að ná betur utan um vetrarveiðar við æti. Þetta er gríðarlega mikilvægt og verðugt markmið og taka SNS undir sjónarmið Esterar Rutar Unnsteinsdóttur, refasérfræðings Náttúrufræðistofnunar Íslands, sem fram hafa komið í fjölmiðlum að undanfögnu. Ófullnægjandi umsjón ætis sem lagt er út til vetrarveiða á tófu er mögulega ein af mikilvægustu orsökum stækkandi refastofns undanfarin ár og því gríðarlega mikilvægt að stórbæta umsjón þessara veiða. Í því felst m.a. að meta umfangið, setja reglur

um útburð og bæta stjórnun vetrarveiðanna. Ekki er minnst á þetta atriði fyrr en í seinni hluta skýrslunnar en að mati SNS ætti það þvert á móti að vera áberandi og eitt af meginmarkmiðum áætlunarinnar.

5. Náttúrustofur eru að mörgu leyti heppilegur aðili til að koma að söfnun hræja, gerð grenjaskrár, mati á tjóni o.fl. en þær eru aðeins einu sinni nefndar á nafn (síðu 12 í skjalinu: „*Þar sem sendingarkostnaður á frystivöru er hár þarf að skipuleggja sýnasöfnunina vel t.d. í samráði við náttúrustofur þar sem það á við.*“). Náttúrustofurnar hafa víðtæka þekkingu og öflugt tengslanet og traust í héraði og á landsvísu, sem nýst getur vel í verkefni af þessu tagi.
6. Af drögunum er ljóst að mikil þörf er á rannsóknum á tófu, bæði á stofninum sjálfum og meintu tjóni hans á bráðartegundum. Mikilvægt er að koma þessum rannsóknum í farveg og tryggja fjármagn til þeirra en eftir því sem næst verður komist hefur það ekki verið gert og ekki er fjallað um það í drögunum. Úr því þyrfti að bæta.
7. Í drögunum kemur fram að sveitarfélög hafi frest til 15. maí 2014 til að setja fram áætlun um veiðar. Þessi frestur er alltof skammur til að útbúa raunhæfa áætlun um veiðar.

SNS taka undir þau sjónarmið varðandi umsjón refaveiða, sem fram koma í skýrslunni „Vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra“.

Virðingarfyllst f.h. Samtaka náttúrustofa,



Róbert A. Stefánsson,
forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands